



Borgarráð

**Gufunes, afnotasamningur fyrir flotbryggju**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi um svæði í Gufunesi fyrir flotbryggju.

**Greinargerð**

Um er að ræða afnotasamning á svæði í Gufunesi undir flotbryggju sem afmarkast eins og sjá má í viðhengdri samningsdrögum.

Leigutaki hyggst setja niður á hinu leigða flotbryggju til að nýta undir sæpotur. Þar verður hægt að leigja sæpotur þegar vel viðrar og leika sér í sjónum norðan við Gufunes.

Afnotasamningur er tímabundinn í tilraunaskyni í eitt ár, frá 1. júní 2024 að telja. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn.

Leigugjald er 50.000 kr. á ári.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög af afnotasamningi dags. 3. júní 2024

## AFNOTASAMNINGUR UM SVÆÐI FYRIR FLOTBRYGGJU

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, (hér eftir nefndur „leigusali“) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Fjöllin ehf., kt. 660505-0830, (hér eftir nefndur „leigutaki“) Smárarími 73, 112 Reykjavík og, gera með sér svofelldan afnotasamning:

### 1. *Hið leigða*

Leigutaki tekur á leigu um 2 m<sup>2</sup> svæði vestan við núverandi bryggju í Gufunesi og svæði í sjó undir flotbryggju sem afmarkast eins og sjá má í viðhengdri teikningu. Leigutaki tryggja að ekki stafi hættu af bryggjunni. Um er að ræða útivistarsvæði í Reykjavík og skal leigutaki ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sómi stafi af. Sjá nánar svæðið í fylgiskjali 1.

### 2. *Gildistími og gjald*

Afnotasamningur þessi er tímabundinn í tilraunaskyni í eitt ár, frá 1. júní 2024 að telja. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn nema leigusali eða leigutaki tilkynni skriflega breytingu þar um með a.m.k. eins (1) mánaðar fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 50.000 kr. á ári og tekur breytingum miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem við undirritun samnings þessa er 623,7. Gjaldtagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjaldtagi er 1. júní 2024.

### 3. *Afhending og skil á afnotasvæði*

Afnotasvæðið afhendist við undirritun samnings þessa. Flotbryggjan yrði tekin niður í september og allar festingar yrðu fjarlægðar. Ásýnd myndi vera eins og áður fyrr og engin ummerki skilin eftir. Leigutaki er í góðu samstarfi við aðra rekstraraðila (Truenorth, RVK Studios og Spilda) á svæðinu og munum við í samvinnu við þá halda áfram að halda svæðinu hreinu og snyrtilegu til þess að tryggja gestum og gangandi góða upplifun af Gufunesinu.

### 4. *Framkvæmdir*

Allar framkvæmdir sem leigutaki ræðst í á afnotasvæðinu greiðast af leigutaka. Flotbryggjan er 8m x 2,5m og er klædd timbri, hún yrði fest við land með einföldum landgangi. Aðgengi að flotbryggjunni verður takmarkað með lokunum þegar hún er ekki í notkun.

Öryggismyndavélar verða settar upp og allur viðeigandi björgunarbúnaður verður á svæðinu, bjarghringur og björgvinsbelti.

### 5. *Eftirlit*

Leigusali gerir kröfu um að reglubundið nauðsynlegt eftirlit verði með svæðinu og bryggjunni auk þess að umhirða verði með þeim hætti að sómi sé af.

### 6. *Nýting á hinu leigða*

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en sem hluti af rekstri fyrir sæbotur. Öll framleiga er óheimil. Leigutaki skal sjá um og útvega öll leyfi sem þarf til framkvæmdar og rekstrar.

7. *Riftun*

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

8. *Varnarþing*

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 3. júní 2024.

Leigutaki:

Leigusali:

f.h. Fjöllin ehf.

Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Afmörkun hins leigða

